

221.fundur - 15.apríl 2004

Endurrit fundargerðar hreppsnefndar Reykhólahrepps 15. apríl 2004

Boðað var til fundarins með svofelldri dagskrá:

- 1) Farið yfir fundargerð 220.fundar
- 2) Fundargerð umhverfis-og náttúruverndarnefndar 15. marz 2004
- 3) Fundargerð byggingarnefndar íþróttahúss 25.marz 2004
- 4) Fundargerð skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 1.apríl 2004
- 5) Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 7.apríl 2004 (dreift á fundinum)
- 6) Fundargerð skipulag-,bygginga-og hafnarnefndar 15.apríl 2004 (dreift á fundinum)
- 7) Tillaga um úrbætur í vegamálum, sbr.219. fund.
- 8) 47. fundur Breiðafjarðarnefndar, fundargerð (tilkynning)
- 9) Vestfjarðavíkingur 2004 í Reykhólahreppi, erindi frá Guðm. Otr Sigurðssyni
- 10) Fundargerð starfshóps um samgöngumál haldinn þann 20.marz 2004 á Ísafirði (sveitarstjóri Reykhólahrepps sat fundinn)
- 11) Breytingar á rekstri Tónlistarskóla Reykhólahrepps, tillaga frá oddvita.
- 12) Starfsmannamál, sumarráðningar
- 13) Kynning á fyrirhuguðum atburðum á Reykhólum 22. – 25.apríl 2004, þ.e."Barmahlíðardagur" og "menningarhátíð" á sumardaginn fyrsta og aðalfundur Ferðamálasamtaka Vestfjarða haldinn á Reykhólum 23-25. apríl.
- 14) Önnur mál

Fundurinn hófst kl. 15:00. Mættir allir aðalmenn nema Egill Sigurgeirsson. Mættur í hans stað Guðmundur Ólafsson. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

Samþykkt að taka fyrir eftirfarandi önnur mál:

Frá sveitarstjóra:

- a) Hugmyndir Félagsmálaráðuneytis um fund í Vogalandi 29.apríl (sameiningarnefnd sveitarfélaga). Um er að ræða sveitarstjórnarmenn úr Dalabyggð, Saurbæjarhreppi og Reykhólahreppi. Einnig formaður sameiningarnefndar í Borgarfirði, formaður héraðsnefndarinnar á Snæfellsnesi, sveitarstjórnarmenn á Ströndum og fulltrúa Fjórðungssambands Vestfirðinga. Fundur kl. 13-15:30 og síðan kl. 20:00 í Vesturbyggð.
- b) Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga um skipan í nefnd um framkvæmd byggðaaætlunar fyrir Vestfirði. Fyrir liggja hugmyndir um að Þórólfur Halldórsson verði fulltrúi Austur- og Vestur-Barðastrandarsýslu og að Strandasýsla fái hitt sætið (tvö sæti laus fyrir Austur-Barð, Vestur-Barð. og Strandasýslu).
- c) Uppstoppaður haförn á hlunnindasýningu á Reykhólum (vilyrði Náttúrufræðistofnunar Íslands)
- d) Nýtt tilboð til íbúa á Reykhólum og nágrenni frá Snerpu á Ísafirði um örbylgjusamband, sítenging við netið (tilkynning)
- e) Vegur um Arnkötludal og Gautsdal í Hólmavíkurbæ og Reykhólahreppi. Beiðni um umsögn að tillögu að matsáætlun. Erindi frá Skipulagsstofnun. Hægt er að nálgast tillögu að matsáætlun á heimasíðu Leiðar ehf, www.leid.is. Enn fremur á hreppsskrifstofu.
- f) Erindi frá KSÍ varðandi sparkvallaátak.

Frá oddvita:

- g) Tillaga varðandi nýtingu heimavistarálmu Reykhólaskóla.
- h) Bréf til hreppsnefndar þar sem oddviti óskar eftir lausn frá störfum í hreppsnefnd í eitt ár af persónulegum ástæðum.

Þetta gerðist:

- 1) Fundargerð 220. fundar. Sveitarstjóri renndi yfir fundargerðina.
- 2) Fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar 15.marz 2004. Samþykkt.
- 3) Fundargerð byggingarnefndar íþróttahúss 25. marz 2004. Hugmyndum um kennslueldhús í tengibyggingu vísað til skólanefndar. Samþykkt að öðru leyti.
- 4) Fundargerð skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 1. apríl 2004. Samþykkt.
- 5) Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 7. apríl 2004. Samþykkt.
- 6) Fundargerð byggingar-, skipulags- og hafnarnefndar frá 15.apríl 2004. Guðmundur Ólafsson vakti athygli á því að afla þyrfti umsagnar slökkviliðsstjóra varðandi nýbyggingu olíugeymslu fyrir þörungaverksmiðjuna auk umsagnar Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða. Fundargerð samþykkt að öðru leyti.
- 7) Tillaga um úrbætur í vegamálum sbr. 219.fund. Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi tillögu: Hreppsnefnd samþykkir að beina því til Vegagerðarinnar að eftirfarandi úrbætur séu brýnar í vegamálum í

sveitarfélaginu:

- a)** Setja þarf upp vegrið á Reykhólavegi nr. 607 við svokallaðar gjár. Þarna hafa nýlega orðið óhöpp og hætta á alvarlegum slysum.
- b)** Lagfæra þarf þann hluta vegar nr. 607 sem liggur við eyðibýlið Berufjörð, en þar er bæði slitlag og undirlag ónýtt.
- c)** Vegrið vantar við brekkuna niður að Gilsfjarðargarði (Vestfjarðavegur nr. 60), Króksfjarðarnessmegin.
- d)** Gera þarf lagfæringar við Bæjará til að bæta vetrarsamgöngur. Tillagan samþykkt.

8) 47.fundur Breiðafjarðarnefndar, fundargerð (tilkynning).

9) Vestfjarðavíkingur 2004 í Reykhólahreppi, erindi frá Guðm. Otr Sigurðssyni. Aðstandendur Vestfjarðavíkinga vilja halda tvær greinar keppinnar (8.-9.-10.júlí) innan Reykhólahrepps gegn 120.000 króna framlagi. Beiðnin samþykkt. Guðmundur Ólafsson og sveitarstjóri verði samstarfsaðilar.

10) Fundargerð starfshóps um samgöngumál haldinn þann 20.mars 2004 á Ísafirði, en sveitarstjóri Reykhólahrepps sat fundinn. Samþykkt.

11) Breytingar á rekstri Tónlistarskóla Reykhólahrepps, tillaga frá oddvita:

Hér með legg ég til að rekstri á Tónlistarskóla Reykhólahrepps í núverandi mynd verði hætt haustið 2004 og annað rekstrarform verði fundið á tónlistarkennslu fyrir hreppsbúa.

Málfríður lagði fram frekari gögn máli sínu til stuðnings og enn fremur sérstaka greinargerð. Málið yrði enn fremur kynnt skólanefnd. Sveitarstjóri lagði enn fremur fram umsóknir frá 12 íbúum um nám í Tónlistarskóla Reykhólahrepps. Sveitarstjórn fagnar þessum áhuga á tónlistarnámi á Reykhólum. Tillagan samþykkt með fjórum atkvæðum, einn sat hjá. Sveitarstjóra falið að segja skólastjóra Tónlistarskóla Reykhólahrepps upp störfum frá og með 1. maí 2004.

12) Starfsmannamál, samráðningar. Sveitarstjóri gerði grein fyrir sumarafleysingastörfum. Enn fremur var auglýst eftir starfsmanni í fullt starf til að hafa umsjón með eignum Reykhólahrepps. Þrjár umsóknir bárust frá Finni Inga Finnssyni, Ingvari Samúelssyni og Agli Sigurgeirssyni. Samþykkt að ganga til samninga við Egil Sigurgeirsson.

13) Kynning á fyrirhuguðum atburðum á Reykhólum 22-25. apríl 2004, þ.e. "Barmahlíðardagur" og "Menningarhátíð" á sumardaginn fyrsta og aðalfundur Ferðamálasamtaka Vestfjarða haldinn á Reykhólum 23-25.apríl. Enn fremur er Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra væntanlegur í heimsókn í Barmahlíð á sumardaginn fyrsta.

Önnur mál

a) Hugmynd Félagsmálaráðuneytis um fund í Vogalandi 29.apríl (sameiningarnefnd sveitarfélaga). Samþykkt.

b) Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga um skipun í nefnd um framkvæmd byggðaaætlunar fyrir Vestfirði. Samþykkt að velja Þórólf Halldórsson.

c) Uppstoppaður haförn á hlunnindasýningu á Reykhólum, en Náttúrufræðistofnun Íslands hefur veitt vilyrði fyrir erni.

d) Nýtt tilboð til íbúa á Reykhólum og nágrenni frá Snerpu á Ísafirði um örbylgjusamband, sítengingu við netið (tilkynning).

e) Vegur um Arnkötludal og Gautsdal í Hólmavíkureppi og Reykhólahreppi. Beiðni um umsögn að tillögu að matsáætlun. Samþykkt að kynna málið fyrir íbúum hreppsins og að umsögn sveitarfélagsins verði afgreidd á næsta fundi hreppsnefndar 13. maí 2004.

f) Erindi frá KSÍ varðandi "sparkvallaátak." Samþykkt að sækja um KSÍ-sparkvöll sem lagður yrði á Reykhólum árið 2005.

g) Tillaga frá Málfríði Vilbergsdóttur um að neðri hæð heimavistarálmu Reykhólaskóla verði notuð sem hálfgerðar verbúðir fyrir sumarafleysingafólk sem tilbúið væri til að koma til Reykhóla að vinna en vantar húsnæði. Eftir nokkar umræður dró Málfríður tillöguna til baka.

h) Málfríður Vilbergsdóttir lagði fram bréf þar sem hún óskaði eftir lausn frá störfum í hreppsnefnd Reykhólahrepps í eitt ár af persónulegum ástæðum. Fram kom að hún treysti sér ekki til að gegna þeirri ábyrgð sem felst í þeim störfum að starfa í hreppsnefnd. Samþykkt.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 19:00

Málfríður Vilbergsdóttir (sign)

Bjarki Stefán Jónsson (sign)

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Guðmundur Ólafsson (sign)

Þórður Jónsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)